

MENNING

Hinn ljúfi harmur

ÓPERA

Íslenska óperan

Ariadne á Naxos eftir Richard Strauss
★★★★☆

Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky. **Aðstoðarhljómsveitarstjóri:** Daniel Bjarnason. **Leikstjóri:** Andreas Franz. **Leikmyndahönnuður:** Axel Hallkell Jóhannesson. **Búningar:** Dýrleif Ýr Örylgisdóttir og Margrét Einarsdóttir. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson. **Konsertmeistarari:** Sigrún Eðvaldsdóttir. **I aðalhlutverkum:** Hanna Dóra Sturludóttir, Kolbeinn Ketilsson og Arndís Halla Ásgeirsdóttir. **Fimmtudagur 4. október.**

Í BÓKINNI Tilurð tragedíunnar úr anda tónlistarinnar benti Nietzsche á að Forngríkkir hafi litið svo á að lífið væri í eðli sínu hræðilegt. Þeir voru samt sem áður þeirrar skoðunar að ef veruleikinn væri listgerður, þá yrði hann ásættanlegur. Hægt var að gera það á tvo ólíka vegu sem Nietzsche tengdi við hugarfar eða viðhorf er tilheyrði annars vegar vín- og vímuðuðinum Dionýsosi, hinsvegar sólgúðinum Apolló. Apolló stóð í huga Nietzsches fyrir skynsemi, aga og dyggðir en Dionýsos var tákn frumkraftanna. Apollóleiðin var að draga hulu yfir sársauka tilverunnar, að búa til draumaheim fegurðar sem hægt var að gleyma sér í. Dionýsosarnálgunin var hinsvegar að sleppa frumkröftunum lausum, þótt það hefði oftar en ekki tragískar afleiðingar í för með sér eins og ótal harmleikir bera vott um. Að mati Nietzsches var best ef frumkraftarnir væru beislaðir með formfegurð. Það væri undirstaða æðsta menningarstígs.

Ekki verður annað séð en að Strauss hafi haft það í huga þegar hann samdi óperuna Ariadne á Naxos, sem frumsýnd var á fimmtudagkvöldið. Óperan byrjar á því að tveir leikhópar eru að gera sig klára fyrir leikatíri í veislu. Annar hyggst sýna gamanleik, en hinn harmþrungna óperu um Ariadne á Naxos. Þáttakendum bregður í brún þegar þeim er tilkynnt að báðum sýningunum verði að ljúka þegar flugeldasýning á að hefjast og að þær eigi að fara fram á sama tíma og á sama stað! Í fyrri hluta óperunnar reyna hóparnir að komast að niðurstöðu um hvernig eigi að framkvæma þetta, en útkoman er borin á borð fyrir áhorfendur í síðari hluta. Er hún mergjuð blanda gamans og alvöru þar sem hið kómíska beislar harminn og gefur honum, alveg óvænt, meiri djúpt en ella.

Tónlist Strauss er einstök, hún er svo lágstemmd í byrjun að maður tekur varla eftir henni. Stígandin er afar hæg og það er eins og músíkin lædist aftan að manni. En þá tekur hún líka völdin svo um munar, hápunktarnir eru með því stórfenglegasta sem heyrst hefur í Íslensku óperunni í lengri tíma.



Morgunblaðið/Eggert

Ariadne Frammistaða Kolbeins Ketilssonar og Hönnu Dóru Sturludóttur var stórkostleg að mati gagnýnanda, og ein og sér er næg ástæða til að láta sýninguna ekki fram hjá sér fara.

Auðvitað væri litið varið í tónlist Strauss ef hún væri ekki almennilega flutt. Í fyrri hluta óperunnar er Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir í einu aðalhlutverkinu og er frábært að hún fái loksins að spreyta sig almennilega á fjöllum Íslensku óperunnar, hvort sem það má þakka nýráðnum óperustjóra, Stefáni Baldurssyni, eða ekki. Guðrún hefur fagra rödd og það sópaði að henni í hlutverki tónskáldsins, sem þarf að setta sig við að óperu hennar sé blandað saman við gamanleik. Rödd Guðrúnar er hinsvegar ekki mjög sterk og því hefði hljómsveitarstjórinn, Kurt Kopecky, átt að draga úr styrkleika hljómsveitarinnar þegar Guðrún söng; hljóðfæraleikurinn yfirgnæfði rödd hennar á köflum.

Mótvægið við hið alvörufegna tónskáld er hin léttúðuga Zerbinetta, en Arndís Halla Ásgeirsdóttir var sérlega sannfærandi í hlutverki hennar. Það geislaði af henni kátátn og erótísk spennan á milli hennar og tónskáldsins var ákaflega fallega útfærð.

Of langt mál væri að fjalla um hvern og einn söngvara sem fram koma í óperunni, enda óvanalegur fjöldi sem tekur þátt í verkinu. Þeir stóðu sig þó allir þrýðilega á frumsýningunni. Sömu sögu er að segja um Ingvar E. Sigurðsson, sem var í áberandi leikhlutverki í fyrri hluta sýningarinnar.

Ég verð samt að nefna sérstaklega Kolbein Ketilsson, sem var stórkostlegur, og Hönnu Dóru

Sturludóttur, sem söng svo vel og af þvilkum fitonskrafti að það er ógleymanlegt. Frammistaða þessara tveggja söngvara ein og sér er næg ástæða til að láta þessa uppfærslu ekki fram hjá sér fara.

Fyrir utan styrkleikaójafnvægi þegar söngur Guðrúnar var annarsvegur, var leikur hljómsveitarinnar fagmannlegur. Vissulega var eitt og annað sem á eftir að slípast, en það verður án efa komið í lag eftir nokkrar sýningar. Túlkun Kopeckys er í öllu falli rafmögnuð og það er ekki síst honum að þakka hversu áhrifamikil tónlistin er.

Að lokum ber að telja leikmynd Axels Hallkells Jóhannessonar, en hún er bakgrunnur glæsilegra búninga Dýrleifar Örylgisdóttur og Margrétar Einarsdóttur. Lýsing Björns Bergsteins Guðmundssonar passar líka fullkomlega inn í heildarmyndina. Og leikstjórinn Andreas Franz samsvarar sér vel; það er sterkur heildarsvipur á sýningunni og jafnvægið á milli hins kómíska og harmræna er alltaf til staðar. Þó fannst mér smekklaut að láta söngvarana í fyrri hluta óperunnar hneigja sig fyrir framan áheyrendur í lok þáttarins eins og sá hluti væri sjálfstætt verk. Þetta er aðeins ein ópera, ekki tvær.

Ef þetta atriði verður lagfært þá hefur Ariadne á Naxos alla burði til að vera frábær skemmtun – ekki missa af henni!

Jónas Sen

Landslagsminningar

MYNDLIST

StartArt, Laugavegi 12

Fletir, málverk, Hjörtur Hjartarson

Til 27. október. Opíó virka daga 10-17 og 11-17 lau. Aðgangur ókeypis.

LANDSLAGIÐ er í sókn, málverkið líka, þetta tvennt saman ekki síður. Hjörtur Hjartarson sýnir nú ný landslagsmálverk í StartArt við Laugaveg. Aukin sókn listamanna í íslenskt landslag er mjög áhugaverð og forvitnilegt að fylgjast með mismunandi nálgun þeirra, í samræmi við breytta merkingu og ímynd landslags frá upphafi tilurðar þess á miðöldum.

Í málverkum Hjartar er landslagið í hlutverki eins konar paradísargarðs, rétt eins og við upphaf landslagsmálarar á fimmtánda öld, í þeirri merkingu að um eins konar hvíldarreit er að ræða, hvíld fyrir augun, fyrir hugann, hvíld frá hversdagslegu amstri. Sama mætti segja um málverk Georgs Guðna, en þokuslungið yfirborð minnir örliðið á dulúð verka hans.

Málverk Hjartar eru sambland stílbrigða löðinnar aldar, eins og segja má um flest málverk samtímans. Hér kemur saman naumhyggjuleg áferð með einum lit áberandi í forgrunni, undir niðri má greina síflæði, það bjarmar í auðugt litróf svo minnir stundum á vatnsyfirborð, stundum á jarðveg. Kannski má kalla stílinn impressioníska naumhyggju, að ógleymdri rómantískri norrænni tilfinningu fyrir litablæbrigðum og birtu.

Málverkin eru seiðandi og áferðarfallleg og grípa mann auðveldlega. Tæpast geta þau þó talist átakamikil né framsækin. Sýningin er ágætlega heilsteypt en byggir fullmikið á einni hugmynd til að vera virkilega sannfærandi, þróun næstu ára gæti gefið markmið listamannsins skýrar til kynna.

Ragna Sigurðardóttir



Tónleikar Eva Pyri leikur í Fella- og Hólakirkju í dag.

Eva Pyri debúterar

Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

HÚN heitir Eva Pyri Hilmarsdóttir og debúterar í Fella- og Hólakirkju í dag kl. 17, nýkomin heim frá Danmörku, þar sem hún hefur verið við þíanónám og störf í sex ár.

„Ég byrja á Beethovensónötu ópus 31 nr. 3 í Es-dúr, þá spila ég tvö verk eftir Chopin, fyrst Noktúrnu í c-moll ópus 48 nr. 1 og svo Ballöðu nr. 4 í f-moll ópus 52. Eftir hlé spila ég fyrst verk eftir Granados, sem ég held að fólk þekki sem Stúlkuna og næturgalann, en það er úr stærra verki, Goyescas. Í lokin spila ég svo Prokofjev sönötu nr. 2 í d-moll ópus 14,“ segir Eva Pyri spurð um efnisskrá frumraunar sinnar

hér heima. „Það réð þessu vali hvað mig langaði að spila; ég hef gaman af því að byrja og enda á Beethoven og Prokofjev, verkin eru svipuð í formi, sönötur í fjórum þáttum og kaflarnir í svipuðu formi. Mér fannst líka gaman að ramma tónleikana inn með þessum verkum. Hin verkin finnst mér bara gaman að spila og Chopin-verkin hefur mér þótt vænt um í mörg ár.“

Eva Pyri er um þessar mundir að ljúka einleikaraprófi frá Det Jyske Musikonservatorium í Árósum í Danmörku, en hefur þegar lokið þaðan meistaraprófi. Eva Pyri hefur haldið tónleika í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Frakklandi, Portúgal og Rússlandi.

Spunaverk

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Jóhannes Atli Hinriksson

Til 21. október 2007. Opíó alla daga kl. 10-17. Aðgangur kr. 500. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 250. Höpar (10+) kr. 250. Yngri en 18 ára: ókeypis. Ókeypis inn á fimmtudögum. Sýningarstjóri: Hafþór Yngvason.

JÓHANNES Atli Hinriksson (f. 1975) er fimmti listamaðurinn í sýningaröð Listasafns Reykjavíkur í Dsal Hafnarhússins. Hann sýnir þar innsetningu sem unnin er úr „grófum og ódýrum efnum“, líkt og segir í kynningartexta safnsins. Notkun myndlistarmanna á varningi ýmiss konar er hluti af hefð sem hófst með Duchamp og framúrstefnuhreyfingum í byrjun síðustu aldar.

Efniviður innsetningarinnar ljær henni grófgert eða hrátt yfirbragð sem listamaðurinn yfir undir með úrvinnslu sinni: Vírar hlykkjast óreglulega eins og gormar út úr heimatilbúnu trommusetti; brúnum bylgjupappa, sem þakinn er málningarslettum, hefur verið skeytt óreglulega saman í einhvers konar hala; spottar eru hnýttir



Jóhannes Atli „Innsetning Jóhannesar býr vissulega yfir „dulvituðum“ annarleika þar sem óhugnaður leynist undir niðri,“ segir gagnrýnandi í umsögn sinni.

saman í „kóngulóarvef“ o.s.frv. Jóhannesi tekst að varðveita ákveðinn barnslegan ákafa í vinnubrögðum sínum og að skapa tilfinningu fyrir spuna og flæði ímyndunarafslisins – sem endurspeglast ekki síst í byggingu verksins í rýminu

og í frásagnarkenndum þætti þess.

Í kynningartexta segir einnig að í sköpunarferlinu leyfi „listamaðurinn verkunum að þróast og breytast af sjálfdráðum“. Innsetning Jóhannesar býr vissulega yfir „dulvituðum“ ann-

arleika þar sem óhugnaður leynist undir niðri. Innsetningin er þó auðvitað ekki sjálfprotin enda mótast „óheft“ sköpunargleðin einnig af listrænum ásetningi og ákveðinni sjálfsvitund.

Sýningin vekur vangaveltur um það sem fræðimaðurinn Boris Groys hefur m.a. fjallað um sem „neyslu“ eða skapandi notkun listamanna á alls kyns markaðsvarningi og um forðemisgefandi gagnrýni sem falist getur í listrænni notkun af þessu tagi. Slík notkun er algeng í samtíma-myndlist en getur birst á fjölbreytilegan hátt. Innsetning Jóhannesar veitir vissa innsýn í skapandi starf listamannsins þar sem ýmsir þættir eru að verki. Hann sýnir útsjónarsemi í nýtingu rýmis og lýsingar og verk hans býr yfir margvislegum skírskotunum sem kalla á merkingarstarf sýningargesta, eða þátt áhorfandans í sköpunarferlinu. Sá þáttur kann að ráða miklu um það hvort innsetningin teljist gagnrýnin eða hvort með henni sé fremur verið að bregða á leik – nema hvort tveggja sé.

Anna Jóa